

EFTIRLITSSKÝRSLA

Silfurstjarnan í Öxarfirði Silfurstjarnan Núpsmýri og Sigtún, klakstöð



Dags eftirlits	4.12.2012	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Silfurstjarnan í Öxarfirði	Fulltrúi UST	Kristján Geirsson
Heimili	Núpsmýri	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	6107881579	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Benedikt Kristjánsson	ÍSAT nr.	05.02.2
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðdís Smáradóttir	Staðsetning	609834,024 639750,616

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitinu og engar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir skilyrði í undanþágu umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dags. 30. apríl 2012

- Vöktun. Fulltrúar rekstraraðila fóru yfir stöðu vöktunar og mælinga á styrk næringarefna í Brunná. Gert er ráð fyrir því að skila til Umhverfisstofnunar niðurstöðum á tilgreindum tíma, eða fyrir 1. apríl 2013.
- Rennsli Brunnár. Fram kom í máli rekstraraðila að ekki hefði verið gerlegt að fá mælingar á rennsli árinna. Rætt var um að samnýta rennslismælingar í Jökulsá á Fjöllum og tengja við breytingar í rennsli Brunnár (úr bergvatnsá í jökulblandaða á) og meta hvenær og þá hve lengi aukið rennsli væri í ánni. Bent er á að rennlistölur skuli ná yfir heilt ár.
- Hugsanlegar förgunar- eða endurnýtingarleiðir á seyru. Rekstraraðili sendi til Umhverfisstofnunar greinargerð dags. 13. ágúst 2012. Farið var yfir greinargerðina og gerir Umhverfisstofnun á þessu stigi ekki athugasemdir við hana.

Minnt var á helstu skiladaga skv. starfsleyfi og hefur öllum gögnum sem skila á fyrir árið 2012 verið skilað.

Minnt var á samráðsfund sem halda skal á tveggja ára fresti skv. gr. 4.2 í starfsleyfi. Stefnt er að halda fund í maí 2013.

Gengið var um stöðina og frárennsli skoðuð, bæði í settjörn og í viðtaka. Greina mátti fóðurleifar við frárennslisop í settjörn en enga óvenjulega gróðurmyndun var að sjá, enda kalt í veðri og vöxtur enginn. Greina mátti slý við útrásarop frá settjörn.

Froðumyndun var við útrás úr fituskilju, c.a. 100cm löng og 50cm breiða rák upp við suður bakka Brunnár. Þegar eftirlit fór fram var slátrun ný lokið og var það stærsti sláturdagur ársins. Ekki er gerð athugasemd við þennan þátt.

Brúnir flekkir sáust í botni Brunnár en talið er að það sé ekki frá fiskeldisstöðinni komið heldur sé hér um að ræða ösku og leir úr jökulánni.

Frárennsli frá sveltitönkum var skoðað og engar athugasemdir gerðar þar. Í fyrra eftirliti ársins var bent á að taka þyrfti sýni úr frárennsli frá sveltitönkum og hefur það verið gert. Ekkert athugavert kom fram í þeirri mælingu.

Í síðasta eftirliti var gerð athugasemd við fóðurleifar í frárennsli frá seiðastöðinni í Sigtúni. Ekki var farið í Sigtún að þessu sinni en skv. frásögn rekstraraðila eru engar fóðurleifar að sjá í dag, enda hafi skyndileg stöðvun á áti fisksins sökum kynþroska valdið því að fóðurleifar hafi fallið út í sumar.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu

ANNAÐ


Rætt var um umsókn um undanþágu frá gr. 1.2. í starfsleyfi þar sem tilgreint er hversu mikið magn af hverri eldistegund rekstraraðili má framleiða hverju sinni. Svar hefur borist frá Skipulagsstofnun um að breytingin sé ekki tilkynningarskyld.

Rekstraraðili hyggst hefja rannsóknir á nýtingu seyrunnar sem áburðargjafa og hefur nú þegar aflað fjármuna til þeirra rannsókna.

Farið verður yfir niðurstöður mælinga og stöðu mála á samráðsfundi sem áætlaður er næsta vor, í tengslum við fyrra eftirlit 2013.

Jón Kjartan Jónsson var einnig viðstaddur eftirlitið f.h. rekstraraðila.

Reykjavík, 10.01.2013



Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.